

## AUGLÝSING

15

23. marz

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis.

Ísland og Austurríki hafa hvort um sig ákveðið að fella niður skyldu til vegabréfsáritana fyrir borgara annars ríkisins, sem ferðast vilja til hins, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða (sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 31 8. maí 1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. marz 1959.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

16

16. apríl

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar.

Með erindaskiptum í Madrid hinn 16. marz 1959 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A 5/1950) framlengdur óbreyttur til 1. apríl 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 16. apríl 1959.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## L Ö G

17

20. apríl

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

*Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

*Eiðar.* Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.